

3. gr.

Um meðferð mála út af brotum á reglugerð þessari skal farið með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Ólafsfjarðar staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 44 frá 23. maí 1964, um húsfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum til þess að öðlast gildi frá 1. október 1979 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 20. ágúst 1979.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.

27. ágúst 1979.

Nr. 362.

REGLUGERÐ**um hækkun bóta almannatrygginga.**

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga, samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 67/1971 með áorðnum breytingum, skulu hækka um 9.17% frá 1. september 1979 frá því sem þær voru í ágúst 1979. Greiðslur samkvæmt 74. gr. skulu breytast með sama hætti.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 27. ágúst 1979.

Magnús H. Magnússon.

Páll Sigurðsson.

20. ágúst 1979.

Nr. 363.

GJALDSKRÁ**fyrir heimilishjálp og heimilisþjónustu í Reykjavík.**

1. gr.

Fyrir heimilishjálp og heimilisþjónustu fyrir aldraða skal greiða gjald, sem nemur hálfu tímakaupi, samkvæmt samningum Starfsmannafélagsins Sóknar fyrir hverja unna vinnustund miðað við laun og orlof.

Gjald reiknast ársfjórðungslega 1. mars, 1. júní, 1. september og 1. desember og skal standa á hálfum og heilum tug.

2. gr.

Þeir, sem ekki hafa aðrar tekjur en ellilífeyri, skulu undanþegnir greiðsluskyldu, sbr. ákvæði 11. gr. reglugerðar um heimilisþjónustu fyrir aldraða.

Með ellilífeyri er hér átt við ellilífeyri, uppþætur þ. m. t. tekjutrygging og heimilisuppbót frá Tryggingastofnun ríkisins.

Ellilífeyrisþegar greiða aldrei herra gjald eftir heimilisþjónustu en sem nemur tekjum umfram ellilífeyri, eins og hann er skilgreindur hér.

3. gr.

Félagsmálaráði er heimilt að gefa eftir hluta af greiðslu fyrir veitta heimilishjálp og heimilisþjónustu eða fella greiðslu alveg niður. Skal þá tekið tillit til efnahags og annarra aðstæðna.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með, samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952 um heimilishjálp í viðlögum til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 20. ágúst 1979.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.

Nr. 364.

1. júlí 1979.

AUGLÝSING

um umferð á Suðureyri, Súgandafirði.

Að fengnum tillögum hreppsnefndar Suðureyrarhrepps, og samkvæmt heimild í umferðarlögum nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Suðureyri, Vestur-Ísafjarðarsýslu:

1. Skólagata er lokuð fyrir allri umferð ökutækja milli Eyrargötu og Aðalgötu.
2. Tvístefnuakstur er á Eyrargötu sunnan Skólagötu.
3. Tvístefnuakstur er á Stefnisgötu.
4. Biðskylda er á Hjallavegi þar sem hann liggur þvert á Aðalgötu og Eyrargötu.
5. Bifreiðastöður eru bannaðar á Aðalgötu, beggja vegna götunnar, frá Skólagötu og suður að horni hússins Aðalgata 13.

Þetta kunngerist hér með Súgfirðingum og öðrum þeim sem leið eiga um Suðureyri til eftirbreytni.

Sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu, 1. júlí 1979.

Már Pétursson, settur